

AUGLÝSING

um umferð á Vesturlandsvegi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga, nr. 26 2. maí 1958, hefur ráðuneytið ákveðið, að framúrakstur ökutækja verði bannaður á Vesturlandsvegi frá stað 100 metrum vestan við Kaupfélag Kjalnesinga að vegamótum við Álafossveg við Varmá.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 5. janúar 1966.

F. h. r.

Baldur Möller.

Ólafur W. Stefánsson.

12. janúar 1966.

Nr. 10.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 12. janúar 1966.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ragnhildar og Ólafs Thorlacius.

1. gr.

Stofnfé sjóðsins, fimm þúsund krónur, er gjöf frá nokkrum mönnum í Berufjarðarlæknishéraði árið 1928 við brottför Ragnhildar og Ólafs Thorlacius, lækni-hjóna að Búlandsnesi, ásamt vöxtum og viðbótum frá öðrum.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Söfnunarsjóði Íslands. Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða og skulu vextir og aðrar tekjur sjóðsins leggjast við höfuðstólinn, unz hann er orðinn tuttugu og fimm þúsund krónur. Eftir það má verja hálfum ársvöxtum sjóðsins til stuðnings málefnum, er skipulagsskrá þessi greinir, en helmingur vaxta og aðrar tekjur sjóðsins, svo sem gjafir, skulu leggjast við höfuðstól.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja heilbrigðis- og menningarmál í Berufjarðarlæknishéraði (Geithellna-, Búlands-, Beruness- og Breiðdalshreppum) á þann hátt, sem stjórn sjóðsins telur réttast á hverjum tíma.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: héraðslæknirinn í Djúpavogshéraði formaður, sóknarpresturinn í Djúpavogsprestakalli og oddviti Búlandshrepps.